

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á samnanlegan hátt með 14 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlýta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af fulltrúum stjórnarnefndar Laugaráshéraðs og fulltrúum notenda í Laugarási, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá frá 26. nóvember 1974 með síðari breytingum úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 1. júlí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

SAMÞYKKT**um hundahald í Borgarnesi.****1. gr.**

Hundahald er bannað í Borgarnesi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu lögreglunnar, og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn

á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.

- e) Hundeinganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir-mælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum yfir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Borgarness staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld að Hlökkum í Fellahreppi skv. 1. gr. laga nr. 51/1974.

1. gr.

Áður en byggingarleyfi er veitt til nýbyggingar á lóð, eða leyfi til stækkunar á eldra húsi, skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald vegna þátttöku í kostnaði við gatnagerð, holræsa- og vatnsæðarlögn að lóðarmörkum.

2. gr.

Gatnagerðargjald, samkvæmt 1. gr., skal reiknað sem hundraðshluti af bygg-ingarkostnaði á gólffermetra í vísitöluhúsinu, eins og hann er ár hvert. Gjaldskráin skal þó aðeins breytast einu sinni á ári, þ.e. 1. janúar í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. (Vísitala byggingarkostnaðar er 101 stig 1. janúar 1976 og byggingarkostnaður á gólffermetra í vísitöluhúsinu kr. 51 050 frá sama tíma).

3. gr.

Gjaldstuðlar til ákvörðunar gatnagerðargjaldi, samkvæmt 1. og 2. gr. skulu vera sem hér segir:

a) Verslunar- og skrifstofuhús	2.0%
b) Einbýlishús	1.5%
c) Tvíbýlis- og parhús	1.1%
d) Rað- og keðjuhús ein hæð	1.0%
e) Rað- og keðjuhús tvær hæðir	0.9%
f) Fjölbýlishús	0.5%